

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og skattanefnd
b/t Eiríks Áka Eggertssonar
nefndarritara
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



Reykjavík, 11. desember 2008.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga, nr. 3/2006, með síðari breytingum (212. mál).

Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreint frumvarp sem felur í sér að frestum til umsóknar um heimildar til færslu bókhalds og samningar ársreiknings í erlendum gjaldmiðlum vegna reikningsáranna 2008 og 2009 er breytt.

Viðskiptaráð fagnar frumvarpi þessu enda hefur ráðið lengi barist fyrir því að fyrirtækjum séu veittar rýmri heimildir til að ákvarða bókhald sitt og ársreikninga í erlendum gjaldmiðlum, sbr. skýrsla ráðsins 90 tillögur að bættri samkeppnishæfni sem gefin var út í september á síðasta ári og sbr. skoðun ráðsins Uppgjör í erlendum gjaldmiðlum – eðlileg afleiðing alþjóðavæðingar frá 6. mars síðastliðnum.

Það hlýtur að eiga að vera á forræði fyrirtækjanna sjálfra að ákveða hvaða starfrækslumynt hentar rekstri þeirra. Það liggur nánast í augum uppi að fyrirtæki sem eru alfarið með tekjur í íslenskum krónum munu ekki færa uppgjör sitt í öðrum gjaldmiðlum enda myndi slík ráðstöfun ávallt koma niður á rekstri þeirra. Forræðishyggi á þessu sviði er því óþörf, en því miður er frumvarpi þessu ekki ætlað að gera leiðréttingar þar á.

Þrátt fyrir að frumvarpið feli í sér framlengdan umsóknarfrest, sem er afar þarft við núverandi aðstæður, þannig að fyrirtæki geti sótt um heimild til uppgjörs í erlendum gjaldmiðli til 15. desember vegna reikningsáranna 2008 og 2009, þá er forsenda þeirrar heimildar enn að skilyrði 8. gr. laganna séu uppfyllt. Hingað til hefur ársreikningaskrá túlkað skilyrði þessi afar þröngt, sem gefur tilefni til að ætla að frumvarp þetta muni ekki ná þeim tilgangi sínum að koma til móts við þarfir viðskiptalífsins um þessar mundir. Vegna þessa er afar brýnt að skilyrði þessi verði rýmkuð þannig að möguleikar fyrirtækja til uppgjörs í erlendum gjaldmiðlum verði auknir umtalsvert. Enn fremur er mikilvægt að umsóknarfresturinn verði lengdur enn frekar þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir að frumvarpið verði að lögum fyrir en í fyrsta lagi á morgun og þá hafa fyrirtæki í raun einungis tvo daga til að undirbúa umsókn. Frestinn þarf að framlengja til a.m.k. 19. desember.

Að auki er rétt að lögfesta hámarksfrest sem Ársreikningaskrá hefur til að afgreiða umsóknir af þessu tagi. Talsvert hefur borið á því að afgreiðsla umsókna taki mun lengri tíma en ætla mætti að þörf væri á til að meta hvort skilyrðin séu uppfyllt.

Viðskiptaráð leggur því til að frumvarpið nái fram að ganga, en leggur til að heimildir til færslu bókhalds og samningu ársreikninga verði rýmkaðar umtalsvert og að umsóknarfresturinn verði framlengdur til 19. desember hið minnsta sem og að lögbundinn verði hámarksfrestur sem Ársreikningaskrá hefur til að afgreiða umsóknir.

Virðingarfyllt,

Haraldur I. Birgisson

Haraldur I. Birgisson
Lögfræðingur Viðskiptaráðs